



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu
101 Reykjavík
(sent rafrænt á postur@anr.is)

9. október 2020

Efni: Umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Landshlutasamtök sveitarfélaga fagna því að efla eigi opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni samhliða breytingum á umhverfi nýsköpunar. Einnig er því fagnað sem fram kemur í greinargerð draga að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun að áherslur um opinbert stuðningsumhverfi nýsköpunar þurfi að vera skilvirkt og verkaskipting skýr.

Tekið er undir markmið laganna sem eru eftirfarandi:

Markmið laga þessara er að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Markmið laganna er einnig að skýra ábyrgð, einfalda verklag og forgangsraða í opinberum stuðningi og þjónustu við atvinnulífið.

Vakin er athygli á að ekki eru skilgreind hver séu mörk landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, telja verður að þetta verði að skýra nánar t.d. með vísan til byggðakorts ESA. Í þessu sambandi komi þá til athugunar hvort þjónusta Nýsköpunargarða sé hluti ríkisstuðnings sem heimilaður er samkvæmt Byggðakorti ESA.

Um land allt er að finna fjölbreytta eða vísi að fjölbreyttri nýsköpunarstarfsemi. Markmið frumvarpsins er að efla þetta umhverfi og verður að taka tillit þessa fjölbreytileika og úr hvaða jarðvegi hann hefur sprottið. Aðkoma Nýsköpunarmiðstöðvar hefur verið með margvíslegum hætti og skoða verður hvernig megi yfirfæra þennan þátt í hverjum landshluta. Annarsvegar hefur þetta verið stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki í gegnum miðlæga þjónustu. Hinsvegar beina starfsemi í einstaka landshluta, þar sem unnið hefur verið jafnt, að ákveðnum málefnum tengdum landshluta en ekki síður landsdekkandi starfsemi, sem í dag má skilgreina sem störf án staðsetningar.

Opinber stuðningur til nýsköpunar utan höfuðborgarsvæðis kemur einnig fram með aðkomu fleiri en eins ráðuneytis og stofnana þeirra, Fagráðuneyti atvinnugreina s.s. sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, ferðamála styðja hvert með sínum hætti við nýsköpun. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta og menningarráðuneyti hafa aðkomu að nýsköpun í gegnum Byggðaáætlun og samninga um Sóknaráætlunar landshluta. Flest landshlutasamtök eru með samning við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun. Samningar mennta- og menningarráðuneytis við háskólasetur t.d. Háskólasetur Vestfjarða og eða þekkingarsetur t.d. á Húsavík og samninga við símenntunarmiðstöðvar. Að lokum eru það stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við starfsemi háskóla á Norðurlandi og Vesturlandi eða í gegnum einstök þekkingarsetur sem eru á vegum Háskóla Íslands.



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa hér lykilhlutverk að tengja þessa þræði sem stjórnvöld hafa við starfsemi er tengist nýsköpun í einstaka landshluta. Við stofnun Nýsköpunargarða ehf þarf að tryggja samstarf milli félagsins og landshlutasamtaka og að samtökin verði eflað til að geta staðið í samningum á jafnréttisgrunni og forsendum hvers landshluta fyrir sig.

Vakin er athygli á því að starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur um allt land verið sameinuð atvinnuþróunarfélögum og í flestum tilfellum er starfsemi menningarfulltrúa líka innan ramma landshlutasamtaka. Jafnframt er í nokkrum tilfellum búið að sameina eða auka mjög samstarf markaðsstofa við landshlutasamtökin. Samningar um Sóknaráætlunir landshluta eru gerðar við landshlutasamtök og er umsjón með Sóknaráætlunum lögbundið hlutverk þeirra sem felst í annars vegar rekstri uppbyggingarsjóða sem úthluta styrkjum til menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar. Reynslan af rekstri uppbyggingarsjóða er góð, þekking og reynsla er til staðar. Landshlutasamtökin hafa góða tengingu og yfirsýn yfir nærumhverfið og starfa náið með hagaðilum s.s. þekkingarsetrum, símenntunarmiðstöðvum, háskólum. Sérstök athygli er vakin á að á undanförunum árum hafa uppbyggingarsjóðirnir verið að styrkja nýsköpun í byggðum landsins samhliða því að styrkja menningu og atvinnuþróun.

Samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga í gegnum farveg Sóknaráætlana er því í góðu samræmi við markmið frumvarpsins sem fram koma í fyrstu grein því auk samninga um Sóknaráætlun eru flest landshlutasamtök með samning við Bygðastofnun um atvinnuþróun og nýsköpun eins og fram kom hér fyrir ofan. Í því starfi felst fjölbreytt aðkoma samtakanna að fræðslu og stuðningi við nýsköpunarstarfsemi á svæðunum.

Athygli vekur hve opið er við hverja heimilt er að gera samninga um verkefni á sviði nýsköpunar. Enga afmörkun eða skilgreiningu ábyrgðar á málaflokknum hvorki á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni er að finna í texta laganna. Jafnframt vekur athygli að tengsl við aðrar áætlunir ríkisins svo sem nýsköpunarstefnu, byggðaáætlun og klasastefnu eru fremur óljós og engin tengsl eru við Sóknaráætlunir landshlutanna. Það kemur verulega á óvart því í tilkynningu frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu um breytingar á nýsköpunarumhverfinu sem birtist á heimasíðu ráðuneytisins 25.02 2020 segir „mikilvægt er að samþætta aðgerðir enn betur við sóknaráætlunir landshluta með samvinnu við landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, Bygðastofnun og atvinnulífið.

Í lögum um Nýsköpunarmiðstöð sem felld eru úr gildi með þessum lögum er kveðið á um skilgreinda þjónustu við sprota- og frumkvöðlafyrirtæki sem stofnuninni voru falin. Engin slík ákvæði er að finna í lagatextanum sem vekur spurningar um hvort það er vilji ráðuneytisins að slík þjónusta verði ekki lengur til staðar af hálfu hins opinbera.

Hvatt er til þess að þeir skýru og einföldu farvegir sem mótaðir hafa verið í landshlutunum og sú yfirsýn yfir verkefni og tengsl við háskólasamfélag, atvinnulíf, sveitarfélög og hagaðila verði nýtt til að efla nýsköpun um allt land og sá hluti af starfsemi NMÍ sem falist hefur í stuðningi við frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði færður ásamt fjármagni til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Mikilvægt er að í lögnum sé kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka til þess að skýra ábyrgð og einfalda verklag.



Jafnframt er vísað til umsagnar Byggingastofnunar og tekið undir umfjöllun í þeirri umsögn um nýsköpun og það álit að æskilegt sé að gert verði ráð fyrir verkefnasjóði sem minnst er á í greinargerð laganna í **lagatextanum** og einnig að gert verði ráð fyrir fjármagni í hann í fjármálaáætlun komandi ára og í fjárlögum. Gengið er út frá því að búið sé að eyrnamerkja fjármagn fyrir verkefnasjóðinn í fjárlögum fyrir árið 2021.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd landshlutasamtakanna


Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir